



TOLLSTJÓRI

Alþingi
Erindi nr. P 139/713
komudagur 6. 12. 2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 6. desember 2010.


Málefni: *Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olfugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja). Þingskjal 214 - 197. mál. Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010 – 2011.*

Tollstjóri hefur mótttekið erindi Efnahags- og skattanefndar Alþingis, sent með tölvupósti 29. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 29/1993, um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl., lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, og lögum nr. 87/2004, um olfugjald og kílómetragjald, með síðari breytingum (kerfisbreyting í skattlagningu ökutækja). 197. mál.

Efnisinnihald frumvarpsins felur í sér kerfisbreytingu í skattlagningu ökutækja og eldsneytis hvað varðar viðmið skattlagningar.

Tollstjóri gerir ekki sérstakar athugasemdir við ofangreint frumvarp en bendir á að það mun hafa í för með sér tæknilega kerfisbreytingu hvað varðar sundurliðun í tollflokka og útreikning gjaldtöku sem embættið þarf að ráðast í fyrir gildistöku breytinganna.

Virðingarfyllst,


Sigurður Skúli Bergsson
aðstoðartollstjóri